

Borgarráð 30. janúar 2025: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hækkandi húsnæðiskostnað þjónustu og nýsköpunarsviðs MSS25010212

Fulltrúi Flokks fólksins óskar skýringa á því af hverju „húsnæðiskostnaður“ þjónustu og nýsköpunarsviðs hefur hækkað úr 985 milljónum árið 2020 yfir í rúmlega tvo milljarða í árslok 2024? Einnig vill fulltrúinn fá að vita hvort þarna gæti verið á ferðinni eitthvað annað en húsnæðiskostnaður? Ef svo, gæti þá mögulega verið um endurgreiðslu á fjármögnun frá eignasjóði vegna einhverra verkefna sviðsins sem þarna er verið að skrá sem húsnæðiskostnað? Ef svo er vill fulltrúinn fá yfirlit yfir öll þau verkefni sem eignasjóður hefur þá fjármagnað með þessum hætti frá árinu 2020 og í framhaldi hver sé þá heildarupphæð þessarar fjármögnunar eignasjóðs til sviðsins yfir sama tímabil. Ef þarna er ekki um að ræða endurgreiðslu á fjármögnun verkefna - eða einhvers annars en húsnæðiskostnaðar, vill fulltrúinn fá að vita hvaða húsakostur það er sem sviðið er farið að borga slíkar upphæðir fyrir og til hvers hann er notaður.

Greinargerð

Forsendur þeirra spurninga sem hér eru lagðar fram eru að finna í opnu bókhaldi Reykjavíkurborgar á vef borgarinnar. Fulltrúi Flokks fólksins hefur undanfarin ár sent inn margar fyrirspurnir og óskað skýringa vegna ýmissa fjárheimildabeiðna sviðsins sem hann telur að borgarbúar eigi óskoraðan rétt til þess að fá upplýsingar um. Vitað er að þjónustu og nýsköpunarsvið hefur oft skráð kostnað vegna allskyns verkefna á eignasjóð - m.a. þróun, kaup og rekstur hugbúnaðarkerfa svo eitthvað sé nefnt. Ef þarna er ekki um raunverulegan húsnæðiskostnað að ræða heldur eitthvað allt annað, hlýtur Reykjavíkurborg að þurfa að endurskoða framsetningu síns opna bókhalds mjög alvarlega. Að lokum bendir fulltrúinn á að svona er þessu ekki háttað hjá ríkinu - þar er mun skýrari framsetning og nákvæmari greining á raunverulegri tegund kostnaðar.